



Akraneskaupstaður

Akraneskaupstaður
bt. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 12. júní 2017
1703203 SPH/hs

Efni: Deilisk. Stofnanareitur - Vesturgata breyting v/ fimleikahúss

Á fundi skipulags- og umhverfisráðs, sem haldinn var þann 9. júní s.l., var lögð fram breyting á deiliskipulagi Stofnanareits.

Bókun skipulags- og umhverfisráðs.


Lögð var fram tillaga að breytingu á deiliskipulagi stofnanareits sem upphaflega var samþykkt 1991. Tillagan er unnin af Teiknistofu arkitekta Gylfi Guðjónsson og félagar ehf., dags. 5.6. 2017.

Breytingin felst í því að byggingarreitur austan íþróttahúss er stækkaður til norðurs og suðurs þannig að þar megi reisa íþróttahús ásamt tengibyggingum og göngustígur frá Háholti inn á stofnanalóðina er færður til austurs.

Opinn kynningarfundur var haldinn 9. júní 2017.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingartillagan verði auglýst í samræmi við 41. gr. skipulagslaga.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,



Sigurður Páll Harðarson

sviðsstjóri

Meðf.: Deiliskipulagsuppdráttur

